

Próf til öflunar verðbréfaréttinda 2024-2025

Prófnefnd verðbréfaréttinda stendur fyrir verðbréfaréttindaprófi 2024-2025 sem hér segir:

- Próf í lögfræðihluta verður haldið **4. desember 2024** og endurtekningapróf **15. janúar 2025**.
- Próf í viðskiptahluta verður haldið **2. apríl 2025** og endurtekningapróf **30. apríl 2025**.

Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaréttindaprófs. Athygli er vakin á því að öllum er jafnframt heimilt að skrá sig í endurtektarpróf, óháð því hvort viðkomandi þeytti aðalprófið eða ekki.

Um verðbréfaréttindapróf fer samkvæmt reglugerð [nr. 1125/2021](#) um verðbréfaréttindi, með síðari breytingum.

Prófnefnd verðbréfaréttinda tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu skv. 4. gr. reglugerðar um verðbréfaréttindi. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefarettinda/>

Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaréttindapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þeytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um próf til öflunar verðbréfaréttinda má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þeytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans <https://www.oh.ru.is/namskeid/prof-logfraedihluti-verdbrefavidskipta/308397>. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á vefsvæði prófnefndar.

Reykjavík, 8. október 2024

Prófnefnd verðbréfaréttinda